

# Námsáætlun í íslensku 1. bekkur haustönn 2021

<p><b>Stafsetning og skrift:</b> Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifi stóran staf í upphafi nafna.</li> <li>• Hafi bil á milli orða.</li> <li>• Læri að draga rétt til stafs</li> <li>• Þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd</li> </ul>	<p><b>Málfræði:</b> Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð.</li> <li>• Fleirtala/eintala</li> <li>• Andheiti/samheiti</li> <li>• Þekki stafrófið</li> <li>• Efli orðaforða og orðaskilning</li> </ul>
<p><b>Ritun:</b> Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekki skriftaráttina</li> <li>• Skrifi orð eða setningu</li> <li>• Þjálfist í að hafa bil á milli orða</li> <li>• Fáí fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi.</li> </ul>	<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b> Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt.</li> <li>• Þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi</li> <li>• Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli</li> </ul>
<p><b>Lestur :</b> Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig amk 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu.</p> <p><b><u>Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls 3x</u></b></p> <p><b>Viðmið í 1. bekk:</b> Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekki alla stafi og hljóð</li> <li>• beiti aðferðum við umskráningu hljóða</li> <li>• efli hljóðvitund sína</li> <li>• 90% viðmið í lok 1. bekkjar eru 20 orð</li> </ul>	

**Námsmat:**

Leiðsagnarmat fer fram alla önnina. Í lok annar verður gefin umsögn um stöðu nemanda. Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarskimunum. Í annarlok verða lögð fyrir lesfimiþróf. Umsögn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðunar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

**Kennsluefni:**

Lestrarlandið – lesbók og vinnubók, Listin að lesa og skrifa, valin verkefni frá kennara, léttlestrarbækur og vinnubækur, gagnvirkt efni.

Við vinnum með einn bókstaf á viku og er hann lagður inn á föstudegi og svo unnið með hann í vikunni á eftir. Vert er að taka fram að margir hafa nú þegar náð tökum á hljóðum allra bókstafa og eru farin að beita hljóðtengingu í átt að lestri. Engu að síður verður unnið sérstaklega með hvern bókstaf. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem sem hæfa hans getu, þrátt fyrir að námsþættir séu þeir sömu innan hópsins. Þannig stuðlum við að einstaklingsmiðun námi.

Íslenska á haustönn – 1.bekkur		
Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
30.8 - 3.sept	Hópefli og leikir Hvað eru bókstafir, orð, setningar Vinnum með nafnið okkar Stór stafur í sérnöfnum Bókstafurinn Áá	
6 - 10. sept.	Bekkjarsáttmáli Stór stafur í sérnöfnum Skrift Rím	6.9. foreldradagur
13 - 17. sept.	Bókastafurinn Ss Samstöfur Skrift Nöfn bekkjarfélaganna/ stór stafur	
20 - 24. sept.	Bókastafurinn Íí Skrift Hlutbundnir leikir með stöfum	24. 9 Kennarabing
27. sept - 1. okt.	Bókastafurinn Aa Samsett orð Skrift	
4. – 8. okt.	Bókastafurinn Ll Orðhlutaeyðing Skrift	
11 – 15. okt.	Bókastafurinn Óó Skrift	
18 - 22. okt.	Bókastafurinn Rr Skrift Samsett orð	
25. - 29. okt.	Bókastafurinn li Skrift	
1. - 5. nóv.	Bókastafurinn Úú Skrift	Námsmat
8. - 12. nóv.	Upprifjun	Námsmat 10.11. starfsdagur 11.11. foreldradagur 12. 11. annarleyfi